

Elías Pétursson

Frá: Eyþór Björnsson <eythor@ssne.is>
Sent: fimmtudagur, 3. júní 2021 10:52
Til: Elías Pétursson; Fjallabyggð; dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is; Katrín Sigurjónsdóttir; horgarsveit@horgarsveit.is; Snorri Finnlaugsson; akureyri@akureyri.is; asthildur; esveit@esveit.is; Finnur Yngvi Kristinsson; postur@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@svalbardsstrond.is; sveitarstjori@grenivik.is; Pröstur Friðfinnsson; langanesbyggd@langanesbyggd.is; Jónas Egilsson; nordurthing@nordurthing.is; Kristján Þór Magnússon; skutustadahreppur@skutustadahreppur.is; Sveinn Margeirsson; svalbardshreppur@svalbardshreppur.is; sthg@svalbardshreppur.is; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is; dagbjort
Afrit: Helga María Pétursdóttir
Efni: Tillögur sveitarfélaga um fulltrúa í samráðsvettvang

Góðan dag.

SSNE óskar eftir **tillögu að fjórum fulltrúum** frá hverju sveitarfélagi í samráðsvettvang Sóknaaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024. Í samningi um Sóknaaráætlun Norðurlands eystra er kveðið á um að sóknaaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang landshlutanna. Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð sóknaaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar a.m.k. árlega.

Sóknaaráætlun Norðurlands eystra er stefnuskjal sem felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið í tilgreindum málaflokkum ásamt skilgreindum leiðum að markmiðunum. Helstu málaflokkar sóknaaráætlunar eru atvinnuþróun og nýsköpun, menningar- og umhverfismál. Fjármagn, sem varið er til verkefna í þessum málaflokkum, tekur mið af áherslum sóknaaráætlunar hverju sinni. Fekari upplýsingar um sóknaaráætlun má finna á ssne.is.

Óskað er eftir tillögu að tveimur karlkyns og tveimur kvenkyns fulltrúum í samráðsvettvanginn, alls fjórum. Annars vegar tveimur fulltrúum af pólistískum vettvangi og hins vegar tveimur ópólitískum. Eins er afar mikilvægt að heyra raddir sem flestra og hvetjum við ykkur því til að horfa til ungs fólks og fólks af ólíkum uppruna. SSNE mun síðan velja úr tilnefningum frá sveitarfélögunum til að tryggja fjölbreytileika samráðsvettvangsins.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram:

Nafn:

Kennitala:

Sími:

Netfang:

Kær kveðja

Eyþór Björnsson



Framkvæmdastjóri

☎ 464 5410 | ☎ 8592745 | ✉ eythor@ssne.is

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Garðarsbraut 5, 640 Húsavík | Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

www.ssne.is | <https://www.facebook.com/SSNordurlandEystra>